


1.4 Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir tímabilið janúar-mars 2026 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld eftirlitsins voru 76 m.kr. eða 12 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 19,7%.

Tekjur voru 27 m.kr. sem var 14 m.kr. undir áætlun tímabilsins eða um 34,3%. Tekjur **matvælaeftirlits** voru 7 m.kr. undir áætlun og tekjur **umhverfiseftirlits** voru 7 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Frávikin eru einkum vegna lægri tekna af eftirlitsgjöldum.

Laun og launatengd gjöld námu 96 m.kr. sem var 1 m.kr. umfram fjárheimildir tímabilsins eða um 1,1%.

Annar rekstrarkostnaður nam 8 m.kr. sem var 3 m.kr. innan fjárheimildir tímabilsins eða 27,0%.

Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2026	Áætlun 2026	Frávik	%
Tekjur	27	41	-14	-34,3%
Laun og launat. gj.	-96	-94	-1	1,1%
Annar rekstrark.	-8	-10	3	-27,0%
Nettó útgjöld	-76	-63	-12	19,7%

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2026	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2026	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2026	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2026	Frávik	%
Skrifstofa heilbrigðiseftirlits	0	0	0	-10	-9	-1	-1	-3	1	-11	-12	1	-7,4%
Matvælaeftirlit	14	22	-7	-36	-37	1	-3	-5	2	-24	-20	-4	21,4%
Umhverfiseftirlit	13	20	-7	-42	-41	-1	-2	-1	-1	-31	-22	-10	44,2%
Vöktun	0	0	0	-8	-8	0	-2	-2	1	-10	-10	0	-4,5%
Samtals	27	41	-14	-96	-94	-1	-8	-10	3	-76	-63	-12	19,7%